ÞINGEYJAR SVEIT

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?



OKTÓBER 2026

Haustið er fallegt
Mynd: Rakel Hinriksdóttir

Um skilgreiningar og dómgreind á tímum gervigreindar og upplýsingaflóðs

GESTAPENNINN



Knútur Jónasson
oddviti Þingeyjarsveitar

Ég skilgreini mig tónlistarmann á ja.is og í símaskránni. Það er kannski ekki rökrétt út frá því sem ég starfa og hef lifibrauð af. En ég man að ég hugsaði þegar ég var að skrá þetta á sínum tíma, um það hvort maður ætti að skilgreina sig útfrá því sem maður ynni við, eða út frá því hverju maður unnir (unir við).

Skilgreiningar eru athyglisverðar. Til einföldunar þá sækjum við í að skilgreina og flokka hluti, og þar á meðal fólk. Setjum miða á hluti og röðum í hillu. Vandinn er að það er oft erfitt að komast út úr því fari sem maður hefur verið flokkaður í, eða breyta sýn eigin sinni á það sem maður hefur flokkað.

Það er ákaflega gefandi þegar maður þorir að fara út fyrir kassann, rýna í skilgreiningarnar og jafnvel endurskilgreina reglulega svo við förum ekki á mis við hluti í lífinu. Ég hef rekið mig ítrekað á að í nei-inu er svo lítill lærdómur, meðan já-ið getur opnað ýmsar dyr. Og mögulega á þar við máltækið: Það fer ekki verr en illa (maður lærir af mistökunum). Ef ég bara prófa þá er kannski maturinn sem mér þótti vondur ekki vondur lengur. Kannski fólkið sem mér fannst afskaplega leiðinlegt fyrir einhverju síðan sé núna áhugavert. Kannski eru sólarlandaferðir eitthvað fyrir mig eftir allt saman. Og ef maður leyfir sér þetta þá vaknar spurningin, hafa hlutir breyst eða er ég að breytast?

En veröldin er líka að breytast. Við mannskepnurnar erum ekki lengur snjallasta fyrirbærið á jörðinni að öllu leyti en að sama skapi er hin nýja greind langt frá því óskeikul.

Dómgreind er eitt af því sem rafvit vantar ennþá, þó það geti byggt greiningar, ákvarðanir og tillögur á vitneskju þá vantar enn dómgreind byggða á reynslu. Það hefur aldrei barið á puttana á sér. Það er kannski einmitt dómgreindin sem við þurfum að þjálfa með okkur hvað mest þessa dagana, og þurfum að gera það hratt.

Gervigreind byggir í einhverjum tilfellum svör sín á efni sem önnur gervigreind bjó til til að gleðja einhvern viðskiptavin svo hann myndi dvelja lengur. Auðvitað hafa í gegnum tíðina verið skrifuð áróðursrit og pappírar, og höfundar ekki sammála. En þetta gerist núna með svo miklum ógnarhraða, og því er mikivægt að fleiri leggi rafvitinu í té traustar upplýsingar og skoðanir. Við erum að vakna upp við það að geta ekki lengur treyst því sem sést á ljósmynd.

> *Það er ákaflega gefandi þegar maður þorir að fara út fyrir kassann*

Við lifum nú í heimi þar sem frétt eða pistill sem er búinn til með aðstoð rafvits án ígrundaðrar yfirferðar verður heimild næsta rafvits fyrir næstu (illa ígrunduðu) skrif. Það er hættulegt höfrungahlaup og leiðir til vaxandi úrkynjunar á upplýsingum.

Niðurstaðan:

Ræktum dómgreind. Gervigreind er ágætur félagi en ekki gleyma að setja reglur um að það þurfi að vísa í góðar heimildir og vera gagnrýnið, rétt eins og við sjálf erum í umræðu við aðra góða félaga.

Lesum góðar bækur. Horfin athygli eftir Johann Hari hefur athygli mína þessa dagana (eftir því sem tími gefst).

Tölum saman augliti til auglitis. Minna streymi. Við þurfum samskipti sem ögra okkur til að þroska okkur og móta hugsanir okkar.

LITIÐ UM ÖXL gamla myndin

pk-1978-4



ÞEKKIR ÞÚ HERRANA Á MYNDINNI?

Smíðadeild Laugaskóla 1950-1951.
Ljósmyndari Jim Smart.



GAMLI HLUTURINN

Sveitafáni 1974

Nýr fáni Ljósvetninga sem Aðalgeir Halldórsson á Stórutjörnum var fenginn til að mála fyrir Laugahátíð 1974. Kynntir voru fánar sveitarfélagnna í sýslunni er prýddu hátíðarsvæðið. Sáu þar dagsins ljós fánar er ekki höfðu verið uppi í áratugi, en jafnframt nýir fánar er komu í stað glataðra. Hafði mikil vinna verið lögð í að finna sveitarfánana og gera þá sýningarhæfa.

Gefandi: Þingeyjarsveit

"Litið um öxl" er fastur liður í fréttabréfinu, þar sem við fáum annars vegar gamla ljósmynd frá Ljósmyndasafni Þingeyinga og hins vegar mynd og upplýsingar um muni í Byggðasafni S-Þingeyinga. Við ljósmyndina vantar oft skráningu á ýmist fólki, staðsetningu, ártal eða tilefni. Glöggir lesendur sem þekkja til eru beðnir um að senda póst á skjalasafn@husmus.is með upplýsingum.

MENNINGARMIÐSTÖÐ ÞINGEYINGA

YFIRLÝSING FRÁ SVEITARSTJÓRN VARÐANDI MEINT VANHÆFI SVEITARSTJÓRA ÞINGEYJARSVEITAR

Ágætu íbúar Þingeyjarsveitar

Sveitarstjórn hafði á 88.fundi sínum, þann 22.október síðast liðinn, erindi til afgreiðslu þar sem varpað var fram spurningum varðandi meint vanhæfi sveitarstjóra Þingeyjarsveitar, Katrínar Sigurjónsdóttur í kjölfar umfjöllunar RÚV um málið.

Bókun sveitarstjórnar (mál nr. 7.) frá fundinum inniheldur svör sveitarstjórnar og eru íbúar hvattir til að kynna sér fundargerðina í heild.
(Hlekkur á fundargerð)

Úr bókun:
Sveitarstjórn harmar að verið sé að elta ólar við að tortryggja Katrínu Sigurjónsdóttur sveitarstjóra Þingeyjarsveitar. Sveitarstjórn finnst umfjöllun Ríkisútvarpsins um málið vera á hæpnum forsendum og lýsir fullu trausti og stuðningi við Katrínu í störfum sveitarstjóra og telur hana almennt ekki vera vanhæfa til að fjalla um málefni fiskþurrkunar Samherja á vettvangi sveitarfélagsins. Vanhæfi er þó metið í hvert skipti líkt og í öllum málum sem sveitarstjórn fjallar um.

Katrín, sem hóf störf 5. ágúst sl., gerði í aðdraganda ráðningar, sveitarstjórn ljóst eignarhald sitt í því félagi Samleið ehf. sem selur þjónustu, sem meðal annars Samherji kaupir. Ekki var horft til þess frekar við mat á umsóknum. Við mat umsækjenda var Katrín valin hæfust vegna marga þátta.

Sveitarstjórn hafði því vitneskju um eignarhald sveitarstjóra í Samleið ehf. við ráðningu hennar. Sú staða hefur ekki komið upp að hún hafi verið talin vanhæf í málum er varða Samherja eða Laugafisk, sem á sér að einhverju leiti skýringu í því að einungis hefur eitt mál komið á borð sveitarstjórnar eftir að hún kemur til vinnu, sem var kynning á rannsókn á blaðgrænu sem er hluti af vöktunaráætlun. Viðbrögð sveitarstjórnar í því máli voru að fela starfsmanni sveitarfélagsins að fylgja eftir aðgerðum sem sveitarfélagið hefur verið að vinna að til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum, sem stafa af fráveitukerfi þess. Hæfi er alltaf til skoðunar og borið upp eftir því sem við á, en í tilfelli Katrínar hefur ekki á það reynt, enda hefur sveitarstjórn engar stjórnsýsluákvarðanir tekið í málinu frá því hún hóf störf hjá Þingeyjarsveit

Sveitarstjórn er mjög ánægð með samstarf sitt við Katrínu það sem af er kjörtímabilinu og óskar að svo verði áfram.
Sveitarstjórn stendur heilshugar að baki Katrínu og telur ekkert hafa komið fram sem gefi tilefni til að draga hæfni hennar, heilindi eða störf sem sveitarstjóra í efa.

Þingeyjarsveit

EFST Á BAUGI Í SVEITARFÉLAGINU



Heimsókn frá svæðisskrifstofum

Starfsfólk fjölskyldusviðs og sveitarstjóri fengu góða heimsókn frá svæðisfulltrúum íþróttahéraðs Norðurlands eystra, þeim Jónasi Halldóri Friðrikssyni og Þóru Pétursdóttur. Þau kynntu verkefni sem falla undir þeirra starf en svæðisstöðvunum er ætlað að styðja íþróttahéruð landsins við innleiðingu á stefnu íþróttahreyfingarinnar og ríkisins í íþróttamálum. Jafnframt er markmiðið að auka þátttöku barna og ungmenna í íþróttastarfi með sérstakri áherslu á þátttöku fatlaðra barna, barna af tekjulægri heimilum og barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.



Jónas, Þóra, Gunnhildur og Hjördís.

Bleiki dagurinn er haldinn til að vekja athygli á krabbameini hjá konum, einkum brjóstakrabbameini, og sýna þeim sem greinast stuðning og samstöðu. Starfsfólk skrifstofunnar tók að sjálfsögðu þátt. Einhverjir gleymdu þó að mæta í bleiku en gervigreindin hjálpaði okkur að laga það til og útkoman varð svona stórskemmtileg!



F.V. Valdís, Kata, Þorbjörg, Hjördís, Brynja, Svana, Hörður, Hanna Magga, Sigurður, Rögnvaldur og Víðir.

EFST Á BAUGI Í SVEITARFÉLAGINU - FRAMHALD

Fyrirkomulag rjúpnaveiða á Þeistareykjum óbreytt

Fyrirkomulag rjúpnaveiða á Þeistareykjum verður með sama hætti og undanfarin ár. Áfram verður heimilt að stunda skipulagða rjúpnaveiði á svæðinu á leyfilegum veiðidögum hafi veiðimenn aflað sér tilskilinna leyfa.

Veiðileyfi og nánari upplýsingar:

Veiðileyfi á Þeistareykjum eru seld á vefsíðunni hlunnindi.is. Gunnar Óli Hákonarson á Sandi er tengiliður Þingeyjarsveitar við veiðimenn og er í síma 864-7747.

Sama fyrirkomulag gildir einnig um rjúpnaveiði á Hrappsstöðum í Bárðardal.



Mynd af bbl.is

Heimsókn á Þeistareyki

Sveitarstjórn átti góðan og langan dag á Þeistareykjum sem hófst á kynningu hjá Landsvirkjun og svo sveitarstjórnarfundi í kjölfarið. Starfsfólk Landsvirkjunar fór með sveitarstjórn um svæðið og sýndi m.a. aðstöðu GeoSilica í fjölnýtingarhúsnæði LV og einnig væntanlega lóð undir MýSköpun. Þá kynnti LV niðurdælingarverkefni og sýndi sveitarstjórn vélakostinn sem framleiðir raforkuna.



Deiliskipulag fyrir þéttbýlið á Laugum

Þingeyjarsveit undirbýr gerð deiliskipulags fyrir þéttbýlið á Laugum og er stefnt að því að kalla íbúa til samráðsfundar í lok nóvember. Skipulagssvæðið er um 80 ha og afmarkast af þéttbýlismörkum Lauga eins og þau eru skilgreind í endurskoðuðu aðalskipulagi. Svæðið nær hlíða á milli í Reykjadal, beggja megin Reykjadalsár.

Viðfangsefni deiliskipulagsins er að skilgreina landnotkun svæðisins til framtíðar m.a. að afmarka nýjar lóðir og byggingarreiti þar sem möguleikar eru á uppbyggingu. Þá verða skilgreindir byggingarreitir á núverandi lóðum og sett ákvæði hvað varðar viðbyggingar við núverandi hús.

Skilgreint verður fyrirkomulag samgangna og ákvæði sett þar sem ástæða er til í deiliskipulagi. Lögð verður áhersla á að lóðir og byggingar falli sem best að landslagi og langhalli vega verði eins lítill og kostur er, skilmálar verða settir varðandi slíkt í deiliskipulagi.


EFST Á BAUGI Í SVEITARFÉLAGINU - FRAMHALD

Framkvæmdamolar

- Ný leiktæki hafa verið sett upp á lóðum allra grunnskóla sveitarfélagsins.
- Innan skamms verður búið að malbika 3000 m² í Mývatnssveit þ.m.t. bílaplön, göngustíga og gangstéttir.
- Ný innrétting hefur verið sett upp í Þeistareykjaskála.
- Nýtt þak á íþróttasal Stórutjarnaskóla hefur heldur betur staðist í rigningarveðrum haustsins!
- Vinna við múrviðgerðir og málun á austurhlið Þingeyjarskóla og Ýdala er að ljúka.
- Mikið af hitaveituviðgerðum við Mývatn.

Áhyggjur af hækkun virðisaukaskatts

Á síðasta fundi atvinnu- og nýsköpunarnefndar Þingeyjarsveitar voru fyrirhugaðar breytingar til umræðu. Nefndin bókaði eftirfarandi: „Atvinnu- og nýsköpunarnefnd Þingeyjarsveitar telur áform ríkisstjórnarinnar um hækkun virðisaukaskatts á baðlón úr 11% í 24% frá byrjun árs 2027 varhugaverð. Jarðböðin í Mývatnssveit, sem eru mikilvægur hluti ferðaþjónustunnar á svæðinu, hafa staðið í milljarða fjárfestingum og munu áform ríkisstjórnarinnar breyta þeirra rekstrarforsendum. Mikilvægi Jarðbaðanna nær langt út fyrir eigin rekstur, styður við störf, eflir aðra þjónustu og skapar verðmæti í sveitarfélaginu.
Nefndin hvetur stjórnvöld til að endurskoða áformin og falla frá þeim.“



Heilsukjarninn á Laugum

Í vor fékk Heilsukjarninn á Laugum fjögurra milljóna króna styrk til uppbyggingar og eina milljón í rekstrarstyrk frá Innviðaráðuneytinu.
Lagt var upp með að skapa fjölbreytt rými fyrir sjúkraþjálfun, nudd, hárgreiðslu o.fl. auk skrifstofustarfsemi. Þarna er sameiginlegt kaffirými, biðstofa og bílastæði.
Mikill gangur er í verkefninu og þegar er byrjað að auglýsa hársnyrtingu inni á íbúasíðu Þingeyjarsveitar á Facebook.
Vonandi verður aðstaðan nýtt vel af íbúum Þingeyjarsveitar.



Hermann og Hanna Magga taka út hársnyrtistólinn.

Hitt og Þetta

Ný píluaðstaða í Stórutjarnaskóla

Ungmennafélagið Bjarmi í Fnjóskadal hefur afhent Stórutjarnaskóla gjöf í tilefni af 55 ára afmæli skólans þann 9. nóvember.
Tvö píluspjöld af fullkomnustu gerð ásamt nauðsynlegum fylgibúnaði.
Með nýju aðstöðunni fá krakkarnir tækifæri til að kynnast pílukasti og njóta þessarar ört vaxandi íþróttar.
Pílukast reynir meðal annars á einbeitingu, nákvæmni og þolinmæði og hentar breiðum aldurshópi. Vonast er til að aðstaðan nýtist vel, bæði nemendum skólans og öðrum hópum sem sækja starf í Stórutjarnaskóla svo sem eldri borgurum.
Gjöfin er að andvirði tæplega 600 þúsund króna og ásamt því að safna fyrir henni fékk Bjarmi styrk frá Íþrótta- og æskulýðssjóði Þingeyjarsveitar.



Úlla Árdal formaður Bjarma afhendir Ingu Sigrúnu Atladóttur skólastjóra gjöfina.

Krakkarnir vilja féló!

Í heimsókn í Þingeyjarskóla afhentu nemendur á yngsta stigi Kötu sveitarstjóra erindi með ósk um að skoðað verði hvort hægt sé að bjóða aftur reglulega upp á féló fyrir þau eftir skóla.

Frábært framtak hjá krökkunum, sem sýna með þessu að þau eru óhrædd við að koma sínum hugmyndum og óskum á framfæri. Erindið verður tekið fyrir í fræðslunefnd og mega nemendur vænta formlegs svars frá sveitarfélaginu í framhaldinu.





VIÐTAL

Árbók Þingeyinga er útbreiddasta átthagarit á Íslandi og hefur komið óslitið út frá árinu 1958. Eins og nafnið bendir til kemur hún út árlega. Menningarmiðstöð Þingeyinga sér um útgáfu bókarinnar og heimili hennar er í Safnahúsinu á Húsavík. Upphafsmaður bókarinnar var Jóhann Skaptason þáverandi sýslumaður Þingeyinga. Þingeyjarsýslurnar báðar og Húsavík stóðu að útgáfu hennar. Fyrsti ritstjórinn var Bjartmar Guðmundsson frá Sandi.

HVAÐ ER ÁRBÓK ÞINGEYINGA?

„Markmið góðra tímarita er að fræða og skemmta. Þau flytja oft jöfnum höndum vísindaþekkingu, sögufróðleik, bundinn og óbundinn skáldskap, og svo léttara hjal á milli, sem ætíð er að mestu til gamans.“ Þessi orð voru rituð af Jóhanni Skaptasyni þáverandi sýslumanni í fyrsta árgangi Árbókarinnar árið 1958. Þessum leiðara hefur verið reynt að fylgja í bráðum 70 ár segir Sverrir Haraldsson, ristjóri Árbókarinnar.

Bókin skiptist í meginatriðum í þrjá hluta. Í fyrsta lagi eru það alls konar greinar, bæði til fróðleiks og skemmtunar, þá eru annálar (fréttir úr héraði) frá öllum sveitarfélögum Þingeyjarsýslna og loks stuttir minningapistlar um látna á því ári sem unnið er með hverju sinni. Þá eru alltaf ljóð í hverri Árbók.

Á svona rit erindi í dag?

Já, að mínu mati er það ekki spurning. Bókin er afar mikilvæg heimild um lífið í Þingeyjarsýslum og oft sér maður í hana leitað þegar svara er leitað við spurningum hversdagsins. Það er enda mikilvægt að þessi þráður, sem rekur uppruna sinn til ársins 1958 af þáverandi forystumönnum í héraði, slitni ekki. Það er okkar sem nú erum að spinna áfram. Árbókin er eitt af þeim verkefnum sem sveitarfélögin í Þingeyjarsýslum hafa unnið saman að, slík sameiginleg verkefni efla byggð og samheldni.

Hvenær kemur þú að bókinni?

Ég hafði skrifað annála fyrir mitt sveitarfélag allt frá því fyrir 2000, fyrst var það Reykdælahreppur gamli en í framhaldinu sífellt stækkandi Þingeyjarsveit. Ég tók svo við ritstjórn af Birni Ingólfssyni á Grenivík árið 2022. Nú er ég að útbúa mína 4. bók til prentunar.

Er þetta mikið starf?

Það má nú alveg segja það. Ég er allt árið að safna efni í bókina en aðalvinnan er síðari hluta sumars, haustið og fram að útgáfu, sem er oftast um mánaðarmótin nóvember/desember. Það er einkar ánægjulegt að ekki skortir efni, fólk er viljugt að senda inn greinar og gefandi samstarf við annálaritara og presta (fréttir úr héraði og minningapistlar).

Næsta bók, fyrir árið 2025, flytur lesendum fjölbreytt efni að vanda, bæði frá leikum og lærðum um hið margvíslegasta efni, þar má einnig finna falleg ljóð.



Sverrir Haraldsson
Ritstjóri Árbókar Þingeyinga

EFST Á BAUGI Í SVEITARFÉLAGINU - FRAMHALD

Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2024-2044


Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2024-2044 sem samþykkt var i sveitarstjórn 26. febrúar 2026 var staðfest 13. október sl. af Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun (HMS). Við gildistöku aðalskipulagsins falla úr gildi Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2010-2022 og Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2011-2023, ásamt síðari breytingum.



Brynja Dögg Ingólfsdóttir skipulagsfulltrúi færði Árna Geirssyni þakkir fyrir samstarfið en Árni hefur unnið við verkefnið frá upphafi þess.

Verkefnið hófst fyrir sjö árum þegar unnar voru skipulagslýsingar í Þingeyjarsveit og Skútustaðahreppi. Á þeim tíma hafa sex skipulagsfulltrúar unnið að málinu og nokkrar sveitarstjórnir. Sameining sveitarfélaganna átti sér stað árið 2022 og í nýju aðalskipulagi er samræmd stefna landnotkunar fyrir landsvæði sem nær yfir 12% af Íslandi. Sveitarfélagið er fámennt en gríðarlega landmikið og vinsælir áfangastaðir ferðamanna innan þess. Sveitarfélagið er ríkt af jarðhita, vatnsmiklum ám og öðrum hlunnindum. Hefðbundinn landbúnaður er stór hluti af atvinnu íbúa á svæðinu og afréttir stórir samhliða umfangsmiklum landgræðslusvæðum, verndarsvæðum, þjóðgarði og þjóðlendum.

Sveitarstjórn vill þakka ráðgjafa sveitarfélagsins, Árna Geirssyni hjá Alta fyrir samstarfið í gegnum allt ferlið. Einnig er sérstaklega þakkað þeim íbúum, stofnunum og hagsmunaaðilum sem létu sig málið varða og lögðu fram athugasemdir og ábendingar í ferlinu.



Aðalskipulag er skipulagsáætlun sem nær til alls lands sveitarfélags. Þar er sett fram stefna og ákvarðanir sveitarstjórnar um framtíðarnotkun lands og fyrirkomulag byggðar. Allt land innan sveitarfélagsins er skipulagsskylt og mannvirkjagerð og aðrar framkvæmdir sem sem hafa áhrif á umhverfið og breyta ásýnd þess, skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir. Aðalskipulagið er grundvöllur deiliskipulaga sem taka til frekari skilgreininga á landnotkun, samgöngum, þjónustukerfum og byggðamynstri. Aðalskipulag er byggt á markmiðum skipulagslaga, landsskipulagsstefnu, áætlunum um þróun og þarfir sveitarfélagsins og gætt að samræmi við skipulagsáætlanir aðliggjandi sveitarfélaga.

Gögn nýs aðalskipulags verða birt á næstu dögum í Skipulagsvefsjá
Allar upplýsingar um ferlið má skoða í máli 881/2023 í Skipulagsgátt.

FRÉTTIR



Börnin í Stórutjarnaskóla fylgjast með þegar úrslitin voru kynnt í beinni útsendingu og var fagnað dátt!

Svakalegur lestrarárangur í Stórutjarnaskóla!

Svakalega lestrarkeppnin var haldin í annað sinn á landsvísu í ár og tóku 108 grunnskólar í 66 póstnúmerum þátt, þar á meðal Stórutjarnaskóli og Þingeyjarskóli. Keppnin stóð yfir frá 15. september til 6. október og kepptust nemendur í 1.–7. bekk við að safna sem flestum lestrarmínútum. Bæði yndislestur og virk hlustun á hljóðbækur taldist með og sá skóli sem las að meðaltali flestar mínútur á hvern nemanda hlaut bókaverðlaun og titilinn Svakalegasti lestrarskóli landsins 2026.

Skólarnir okkar náðu frábærum árangri! Stórutjarnaskóli lenti í 11. sæti á landsvísu og Þingeyjarskóli í 24. sæti. Það er því óhætt að segja að nemendur skólanna hafi sýnt mikinn dugnað og lestraráhuga í keppninni.

„Nemendur Stórutjarnaskóla sýndu svakalegt keppnisskap og voru ótrúlega duglegir að lesa, bæði heima og í skólanum. Margir nýttu meira að segja frímínúturnar til lesturs og sjaldan, ef nokkurn tímann, hef ég fengið jafn margar óskir um að fá að lesa í hljóði í kennslustundum! Kennarar og starfsfólk skólans eru ákaflega stolt af dugnaði og eljusemi nemendanna og ekki síður af þeim mikla lestraráhuga sem keppnin vakti. Það er sérstaklega ánægjulegt að sjá að áhuginn hefur haldist eftir að keppninni lauk og nemendur halda áfram að grípa í bækur að eigin frumkvæði.“ segir Anna Karen Unnsteins, umsjónarkennari 5.-7. bekkjar í Stórutjarnaskóla.



Á FERÐINNI







Heimsókn sveitarstjórnar í stofnanir í Þingeyjarsveit

Miðvikudaginn 28. október fór sveitarstjórn í heimsóknir í stofnanir Þingeyjarsveitar.

Byrjað var í Ýdölum, Barnaborg og Þingeyjarskóla. Þaðan lá leiðin í Tjarnskjól og Stórutjarnaskóla þar sem sveitarstjórn sat skólaþing með nemendum og starfsfólki. Komið var við í Sundlauginni á Laugum og endað í Mývatnssveit. Þar voru Ylur, Reykjahlíðarskóli, Íþróttamiðstöðin og Slökkvistöðin heimsótt.



Alls staðar var tekið mjög vel á móti sveitarstjórn, starfsemin kynnt ásamt yfirferð um ástand og viðhaldsþörf húsnæðis. Mjög ánægjulegt var að sjá starfsfólk og nemendur í sínum daglegu störfum og finna notalegt andrúmsloft á hverjum stað. Dagurinn var prýðisgóður og dýrmætt veganesti fyrir sveitarstjórn inn í næstu ár.







ATVINNA

STÖRF Í BOÐI

ÞINGEYJARSVEIT LEITAR AÐ UMSJÓNARAÐILA MEÐ FÉLAGSHEIMILINU LJÓSVETNINGABÚÐ



Umsjónaraðili félagsheimilisins er verktaki og starfar samkvæmt verksamningi við Þingeyjarsveit.

HELSTU VERKEFNI

- Ábyrgð á daglegri umsjón með húsnæðinu og búnaði þess
- Minni viðhaldsverkefni og smáviðgerðir ásamt umhirðu lóðar
- Móttaka leigutaka vegna viðburða og upplýsingagjöf til þeirra varðandi umgengni, frágang og aðrar kröfur skv. leigusamningi.
- Þrif húsnæðis
- Gerir tillögur að hefðbundnu viðhaldi og endurbótum á húsi og búnaði
- Önnur tilfallandi störf

HÆFNISKRÖFUR

- Góð þjónustulund og samskiptahæfni
- Frumkvæði og skipuleg vinnubrögð
- Iðnmenntun sem nýtist í starfi er kostur
- Reynsla af umsjón fasteigna er kostur

Umsóknarfrestur er til og með 5. nóvember. Með umsókn skal fylgja starfsferilskrá. Umsóknum skal skilað á netfangið *umsokn@thingeyjarsveit.is*. Frekari upplýsingar um starfið veitir sveitarstjóri, Katrín Sigurjónsdóttir í síma 512 1800 eða á netfangið *katrins@thingeyjarsveit.is*

BAKVARÐASVEIT ÞINGEYJARSVEITAR

Okkur vantar oft gott fólk í smávægileg viðvik, stuttar afleysingar og tímabundin verkefni, stundum með stuttum fyrirvara. Yfirleitt er um að ræða tímavinnu og verkefnin fjölbreytt; heimaþjónusta, liðveisla, þrif og fleira.

Vilt þú vera á skrá hjá okkur?
Engin skuldbinding, bara tækifæri!

SKRÁ MIG SEM BAKVÖRÐ

Upplýsingar: hjordis.albertsdottir@thingeyjarsveit.is

ATVINNA

STÖRF Í BOÐI

AFLEYSING Í LEIKSKÓLUM

...með möguleika á föstu starfi og húsnæði!

Barnaborg og Krílabær leita að áhugasömum starfsmanni í afleysingar með góðum möguleikum á föstu stöðuhlutfalli. Barnaborg og Krílabær eru hluti af Þingeyjarskóla sem er samrekinn leik- og grunnskóli. Lögð er áhersla á samvinnu og sameiginlega ábyrgð starfsmanna á verkefnum skólans. Barnaborg er til húsa í suðurenda Þingeyjarskóla í Aðaldal. Krílabær er staðsettur á Laugum í Reykjadal.



Við leitum að starfsmanni sem...

- Ber virðingu fyrir börnum og hefur áhuga á að starfa með þeim
- Er mjög hæfur í mannlegum samskiptum
- Er stundvís og samviskusamur
- Hefur reynslu af umönnun barna á leikskólaaldri
- Talar góða íslensku, samsvarandi þrepi C1.


Um er að ræða aðstoð við umönnun barnanna undir leiðsögn leikskólakennara og leikskólastjóra. Æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst

UMSÓKNIR OG FYRIRSPURNIR UM STÖRFIN:
NANNA@THINGEYJARSKOLI.IS / 898-0790

FRESTUR:
2. NÓV

LEIKSKÓLAKENNARI Í FRAMTÍÐARSTARF

Leikskólinn Barnaborg í Aðaldal leitar að áhugasömum leikskólakennara. Húsnæði í boði!



HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ

- Að vinna að uppeldi og menntun leikskólabarna samkvæmt stefnu og skipulagi skólans.
- Vinna í nánu samstarfi við foreldra/forráðafólk nemenda.
- Taka þátt í samstarfi við ýmsar stofnanir og sérfræðinga sem tengjast leikskólanum í samráði við yfirmann.
- Sinna verkefnum er varða uppeldi og menntun nemenda sem yfirmaður felur honum.

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR


- Leikskólakennaramenntun, uppeldismenntun eða önnur menntun og reynsla sem nýtist í starfi.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og jákvætt viðmót í starfi með börnum.
- Stundvísi, áreiðanleiki og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Góð íslenskukunnátta til að geta átt í hnökralausum samskiptum við börnin og stutt við málþroska þeirra.
- Reynsla af starfi í leikskóla æskileg.
- Hreint sakavottorð (fylgi umsókn)

FRÍÐINDI Í STARFI

- Heilsueflingarstyrkur.
- Gott jóla- og páskafrí.
- Styttri vinnuvika.

VILT ÞÚ HAFA ÁHRIF Á MÁLEFNI ELDRI ÍBÚA?

Ert þú 60-100 ára og vilt taka þátt í að skapa betra samfélag fyrir alla aldurshópa? Öldungaráð gegnir mikilvægu hlutverki í að móta og þróa þjónustu við eldra fólk.



Nú vantar varafulltrúa frá Þingeyjarsveit

Ráðið er samstarfsvettvangur Þingeyjarsveitar, Norðurþings, Tjörneshrepps og Langanesbyggðar um málefni eldra fólks.
Hafðu samband ef þú vilt bjóða þig fram eða ert með góðan einstakling í huga.

NÁNARI UPPLÝSINGAR:
HJORDIS.ALBERTSDOTTIR@THINGEYJARSVEIT.IS / 512-1800

Félagsstarf 60 ára og eldri í Þingeyjarsveit



Opin hús eru á þriðjudögum til skiptis í Stórutjarnaskóla og Þingeyjarskóla

3. nóvember- Þingeyjarskóli
10. nóvember - Stórutjarnaskóli
17. nóvember - Þingeyjarskóla
24. nóvember - Stórutjarnaskóli

MATARPÖNTUN:
Hádegismatur:
kl. 12:35 í Stórutjarnaskóla (464 3222)
kl. 13:00 í Þingeyjarskóla (464 3583)
Þeir sem ætla að fá hádegismat þurfa að panta fyrir hádegi á mánudeginum fyrir samverustund.
Hádegismatur kostar 875 kr. á mann og verður innheimtur með kröfu í banka á 2-3 mánaða fresti.

Mývatnssveit

Samvera alla fimmtudaga á Hlíðavegi 6 í Reykjahlíð frá 13:30 - 16:30

Leikfimi eldri borgara í íþróttamiðstöðnni í Reykjahlíð er á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 12:30 - 13:30

VINNURÝMI & SKRIFBORÐ

Til leigu hjá Þingeyjarsveit



ÞINGEY

Staðsetning: Þingey, Laugum í Reykjadal
Leigutími: Samkomulag
Fundaraðstaða : Já
Nánari upplýsingar: Margrét Hólm Valsdóttir margret.holm@thingeyjarsveit.is

Þingey hýsir skrifstofur Þingeyjarsveitar. Hægt er að leigja stök borð til lengri eða skemmri tíma. Í húsinu er góð fundaaðstaða með þremur bókanlegum fundarherbergjum, næðisrýmum og góðri sameiginlegri kaffistofu. Húsið var nýlega tekið í gegn og er þriggja hæða með lyftu. Mjög notalegt andrúmsloft og gott aðgengi fyrir alla. Meðal leigjenda er Rannsóknarsetur Háskóla Íslands í Þingeyjarsveit.

Stofnanir, frumkvöðlar og fyrirtæki eru hvött til að nýta sér aðstöðuna.

KJARNI

Staðsetning: Kjarni, Laugum í Reykjadal
Leigutími: Samkomulag
Nánari upplýsingar: Margrét Hólm Valsdóttir margret.holm@thingeyjarsveit.is

Í Kjarna eru fjölbreytt rými til útleigu. Hægt er að leigja skrifstofu til lengri eða skemmri tíma. Í húsinu er heilsukjarni með nuddbekkjum og hársnyrtiaðstöðu sem hægt er að leigja dag og dag í senn. Í húsinu er sameiginleg kaffistofa. Húsið er á einni hæð með mjög góðu aðgengi og nægum bílastæðum.

Frumkvöðlar, fyrirtæki og einstaklingar í rekstri og heilsutengdri þjónustu eru hvattir til að nýta sér aðstöðuna.

Korktaflan

UNGMENNAFÉLAGIÐ BJARMI KYNNIR

KÓTILETTUKVÖLD BJARMA

LAUGARDAGSKVÖLDIÐ, 14. NÓVEMBER.

SKOÐA VIÐBURÐI

Sameiginleg krakkakirkja & slímfundur

ÞORGEIRSKIRKJA
22. nóvember kl. 14:00

- MAÐUR ER MANNS GAMAN -

Viðburðarröð í Skjólbrekku



Brúarkynning
Laxárdeilan í víðu samhengi
Benedikt Sigurðarson

SUNNUD. 8. NÓV
KIÐAGIL
KL. 14:00

listasýning

kjörið tækifæri til að líta við í Mývatnssveit og skoða samsýningu ólíks listafólks!
Opið frá 12:00-16:00 laugardaginn 14. nóvember og sunnudaginn 15. nóvember.

Tálgunarnámskeið

Tálgunarnámskeið með Ólafi Sveinssyni!
Tilvalin samvera fyrir fjölskylduna eða tálgunar áhugafólk á öllum aldri!
sunnudaginn 8. nóvember kl. 13:00 - 15:30
Koster ekkert en skráning nauðsynleg:
annaandresar@gmail.com

SKÁKMÓT

Sel-Hótel Mývatn / Mývatn Öl Open

19.-22. nóv

Fjölskyldusmiðja

Skrifað á skinn með fjaðurstaf

Marta Guðrún Jóhannesdóttir
...nnari Árnastofnunar tekur á
...ti gestum í félagsheimilinu
Breiðumýri sunnudaginn
1. nóvember kl. 14–16.

feðradagsguðsþjónusta

Hálskirkja

Sunnudagur 15. nóv

kl. 14:00

Brúarkynning
Þjóðsögur Baldvins Jónatanssonar
2. NÓV kl 15:30
Breiðamýri

Kaffihlaðborð
Kvenfélag
Reykdæla
15. nóv
kl. 14-17

Stefnumót í Þingeyjarsveit

Framhaldsskólinn á Laugum
sunnudaginn 1. nóvember kl. 17

Fjölbreyttir örfyrirlestrar og umræður að þeim loknum.

FUNDADAGATAL ÞINGEYJARSVEITAR

NÓVEMBER

9. Fræðslu- og velferðarnefnd
12. Sveitarstjórn
16. Atvinnu- og nýsköpunarnefnd
17. Íþrótta- og tómstundanefnd
18. Skipulagsnefnd
19. Umhverfisnefnd
26. Sveitarstjórn

Smelltu HÉR til að lesa síðustu fundargerðir.
Allar fundargerðir nefnda má finna á thingeyjarsveit.is

Hlaupastelpan

Ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@jsl.is - s: 8953386

Við minnum á að Hlaupastelpan birtist rafrænt á heimasíðu Þingeyjarsveitar og kemur að jafnaði út vikulega.

Eftirtaldir starfsmenn verða með viðveru í Mývatnssveit sem hér segir í nóvember:

Katrín Sigurjónsdóttir sveitarstjóri
Þriðjudaginn 10. nóvember í Gíg

Margrét Hólm Valsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs
Föstudaginn 20. nóvember á Hlíðavegi.

Rögnvaldur Harðarson sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs og byggingafulltrúi og Brynja Dögg Ingólfsdóttir skipulagsfulltrúi
Fimmtudaginn 12. nóvember á Hlíðavegi.

Hjördís Albertsdóttir sviðstjóri fjölskyldusviðs
hefur viðveru í Mývatnssveit fim og fös. Bókið tíma.

Hægt er að bóka viðtalstíma á öðrum dögum eftir samkomulagi. Beiðnir um viðtalstíma sendist á netfangið: thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is eða í síma 512 1800



Skráðu þig á póstlista sveitarfélagsins HÉR og fáðu allar fréttir sendar beint til þín!

FYLGDU ÞINGEYJARSVEIT Á INSTAGRAM OG FACEBOOK

Fréttabréf Þingeyjarsveitar 3. árg. 9. tbl.
Ritstj. og ábyrgðamaður: Katrín Sigurjónsdóttir
Umsjón: Mývatnsstofa - Úlla Árdal

Þingey, Þingeyjarsveit
Sími: 512 1800
Netfang: thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is